

REGLUR

um frístundastyrki fyrir íbúa, 67 ára og eldri, í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Markmið með niðurgreiðslum er að hvetja eldri Hafnfirðinga til þátttöku í heilsuefandi íþróttar- og tómstundastarfi og efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

2. gr.

Niðurgreiðslur ná til félaga og viðurkenndra aðila sem eru með skipulagða kennslu/þjálfun. Fjárhæð niðurgreiðslna er 4.000 kr. fyrir hvern mánuð á meðan iðkun stendur eða allt að 48.000 kr. í heildargreiðslu á árinu.

Niðurgreiðslur eru tekjutengdar og taka mið af tekjum einstaklinga og hjóna samkvæmt síðasta staðfesta skattframtali. Niðurgreiðslur eru veittar til þeirra sem eru með tekjur undir tekjuviðmiðum niðurfellingar fasteignaskatts af eigin íbúð elli- og örorkulífeyrisþega miðað við 100% hlutfall. Tekjuviðmið eru birt í gjaldskrá á heimasíðu Hafnarfjarðarkaupstaðar og eru uppfærð árlega í janúar til samræmis við launavísitölu viðmiðunarárs.

Árgjald/félagsgjald er greitt í einu lagi gegn framvísun greiðslukvittunar og þarf að berast fyrir árslok þess árs sem gjaldið nær yfir.

Berist greiðslukvittanir ekki fyrir tilskildan tíma fellur greiðslan niður.

3. gr.

Skilyrði fyrir veitingu styrks er:

Iðkandi eigi lögheimili í Hafnarfjarðarkaupstað.

Iðkandi verði 67 ára á árinu eða eldri.

Iðkandi stundi íþróttar-/tómstundastarf sem stuðli að betri heilsu og hreysti.

Iðkandi framvísi frumriti af greiðslukvittunum þáttökugjalds á tilskildum tíma.

Iðkandi sé undir tekjuviðmiðum, sbr. 2. gr.

4. gr.

Sækja skal um frístundastyrk á mínum síðum hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Með umsókn þarf að skila:

Skattframtali síðasta árs.

Frumriti af greiðslukvittun þáttökugjalds fyrir viðkomandi iðkanda eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þátttöku í kennslunni/þjálfuninni lýkur.

Niðurgreiðsla er greidd inn á reikning iðkandans innan tveggja mánaða frá samþykkt.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði 18. febrúar 2025.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn 12. mars 2025.

Reglur þessar öðlast gildi 1. apríl 2025. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 665/2024 um frístundastyrki fyrir íbúa, 67 ára og eldri, í Hafnarfjarðarkaupstað sem samþykktar voru í bæjarstjórn 8. maí 2024.

Hafnarfirði, 14. mars 2025.

Guðlaug Ósk Gísladóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.